

Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar

Fræðsluráð Hafnarfjarðar
Eyjólfur Þór Sæmundsson, formaður
Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Hafnarfirði, 4. júní 2013

Erindi: Fimm vikna sumarlokanir og sex skipulagsdagar á leikskólum Hafnarfjarðarbæjar.

Sumarlokanir leikskóla Hafnarfjarðar var lengt úr fjórum vikum í fimm fyrir árin 2012 og 2013. Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar hefur alltaf mótmælt harðlega þessari fimm vikna sumarlokun því svo löng lokun veldur flestum barnafjölskyldum í Hafnarfirði miklum óþægindum. Fáir hafa kost á því að taka fimm vikna sumarfrí og foreldrar þurfa að auki að eiga inni frídaga fyrir skipulagsdögum leikskóla. Lokanir leikskóla í Hafnarfirði eru lengri en orlofsréttur flestra foreldra og er það algerlega óásættanlegt fyrir barnafjölskyldur í bænum. Einstæðir foreldrar þurfa jafnvel að taka sér launalaust leyfi fyrir hluta af lokunun leikskóla þar sem þeir þurfa oft á tíðum að sjá einir um barnið.

Í Fjölskyldustefnu Hafnarfjarðar 2012-2014 kemur fram að bærinn og stofnanir hans veiti fyrirmyndarþjónustu og taki mið af þörfum hvers einstaklings og fjölskyldu. Þá kemur fram í fjölskyldustefnunni að skilyrði til uppeldis barna í Hafnarfirði séu ákjósanleg og að fullorðnir geti sem best notið samvista með börnum sínum og að leggja skuli áherslu á mikilvægi samveru fjölskyldunnar. Fimm vikna sumarlokanir leikskóla ásamt sex skipulagsdögum stangast því á við fjölskyldustefnu bæjarins þar sem að foreldrar eiga almennt ekki svo mikinn orlofsrétt og þurfa þá foreldrar að taka frí að hluta á mismunandi tíma.

Foreldraráðið kannaði sumarlokanir nágrannasveitarfélaganna og á Akureyri og er Hafnarfjörður eina sveitarfélagið sem er með fimm vikna sumarlokun. Í Reykjavík, Kópavogi, Reykjanesbæ, Mosfellsbæ og Akureyri eru leikskólarnir lokaðir í fjórar vikur og í Garðabæ er engin sumarlokun. Telur foreldraráðið það Hafnarfjarðarbæ ekki til sóma að vera með lengstu sumarlokanir leikskóla af stóru sveitarfélögum.

Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar óskar eftir upplýsingum um hvort að stytta eigi sumarlokanir árið 2014. Foreldraráðið bindur miklar vonir við að svo verði.

Nú eru skipulagsdagar leikskóla í Hafnarfirði sex á ári sem kemur sér mjög illa fyrir foreldra. Foreldraráð leikskóla óskar eftir upplýsingum um hvort að leikskólagjöld verði lögð á að fullu þessa sex skipulagsdaga. Jafnframt telur foreldraráðið það mikilvægt að skipulagsdögum verði fækkað.

Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar skorar á bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að stytta bæði sumarlokanir leikskóla og fækka skipulagsdögum.

Virðingarfyllt

Steinvör V. Þorleifsdóttir
Formaður Foreldraráðs leikskóla Hafnarfjarðar